

Borgarbyggð

Ársreikningur  
2021

Borgarbyggð  
Digranesgötu 2  
310 Borgarnes

Kr. 510694-2289

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun sveitarstjóra og sveitarstjórnar .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	9
Skýringar .....	10

## Skýrsla og áritun sveitarstjóra og sveitarstjórnar

Ársreikningur Borgarbyggðar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlunar og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 4.908 millj. kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 4.390 millj. kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,52% sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki nam 0,36% en lögbundið hámark þess er 0,50%, í B-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið og í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,39% en lögbundið hámark þess er 1,32% auk heimildar sveitarstjórnar til að hækka álagningu A og C flokkanna um allt að 25%.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins, samkvæmt ársreikningi A og B hluta var neikvæð um 89,8 millj. kr. og rekstrarniðurstaða A hluta var neikvæð um 85,8 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2021 nam 4.523 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi fyrir A og B hluta, en eigið fé A hluta um 4.525 millj. kr.

Covid-19 heimsfaraldurinn sem gengið hefur yfir undanfarin ár hefur haft veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim þar með talið efnahagsleg. Áhrif faraldursins á rekstur sveitarfélagsins á árinu 2021 voru óveruleg.

Ársreikningur Borgarbyggðar fyrir árið 2021 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn.

Borgarnesi, 7. apríl 2022.

Sveitarstjóri:



Byggðarráð:

Hallgrímur Þorvaldsson  
Magnus Smári Sverrisson

Silja Blögmundsdóttir

Göðugtapparráðar


Ársreikningur Borgarbyggðar fyrir árið 2021 hefur hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í sveitarstjórn.

Borgarnesi, 12. maí 2022.

Sveitarstjórn:



Göðugtapparráðar  
Hallgrímur Þorvaldsson  
Magnus Smári Sverrisson  
Silja Blögmundsdóttir  
Guðmundur fríðr Kristbergsson  
Davíð Sigurðsson



# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til sveitarstjórnar Borgarbyggðar.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Borgarbyggðar fyrir árið 2021, sem hefur að geyma samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. sveitarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar

það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins 31. desember 2021 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sveitarfélagini í samræmi við alþjóðlegar síðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og síðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar síðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum

Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber sveitarstjórn og sveitarstjóra að leggja mat á rekstarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

Sveitarstjórn og sveitarstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öfum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öfum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

- Ályktum við um hvort notkun sveitarstjórnar og sveitarstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glöggja mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum við nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar rekstrareininga sem falla undir starfsemi sveitarfélagsins til að geta gefið álit á ársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar sveitarfélagsins og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum sveitarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### **Staðfesting vegna annarra ákvæða laga**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu sveitarstjóra og sveitarstjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Borgarnes, 12. maí 2022

**KPMG ehf.**

Sigrún Órr Arason

# Rekstrarreikningur ársins 2021

---

	Skýr.	A hluti		A og B hluti		
		Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2020	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum
<b>Rekstrartekjur</b>						
Útsvar og fasteignaskattur ....	4	2.795.151	2.747.887	2.581.046	2.773.913	2.730.828
Framlög Jöfnunarsjóðs .....	4	1.142.194	1.054.560	1.110.858	1.142.194	1.054.560
Aðrar tekjur .....	4	452.912	539.170	391.305	991.935	1.052.272
		<u>4.390.257</u>	<u>4.341.617</u>	<u>4.083.209</u>	<u>4.908.042</u>	<u>4.837.660</u>
<b>Rekstrargjöld</b>						
Laun og launatengd gjöld .....	5	2.628.604	2.647.140	2.411.151	2.830.768	2.839.041
Lifeyrisskuldb., breyting .....	14	274.324	80.400	87.097	274.324	80.400
Annar rekstrarkostnaður .....		1.367.315	1.440.537	1.349.611	1.589.181	1.663.920
		<u>4.270.243</u>	<u>4.168.077</u>	<u>3.847.859</u>	<u>4.694.273</u>	<u>4.583.360</u>
Rekstrarniðurstaða						
fyrir afskriftir .....		120.014	173.540	235.350	213.769	254.300
Afskriftir .....	8	( 143.772 )	( 127.493 )	( 117.936 )	( 192.388 )	( 170.748 )
Rekstrarniðurstaða án fjármuna- tekna og fjármagnsgjalda ...		( 23.758 )	46.047	117.413	21.381	83.551
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	6	( 62.035 )	( 41.084 )	( 27.221 )	( 113.854 )	( 105.642 )
Hlutdeild minnihluta í afkomu .....		0	0	0	2.670	0
<b>Rekstrarniðurstaða</b> .....	13	<u>( 85.793 )</u>	<u>4.963</u>	<u>90.192</u>	<u>( 89.804 )</u>	<u>( 22.092 )</u>

# Efnahagsreikningur

## Eignir

	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		2021	2020	2021	2020
<b>Fastafjármunir</b>					
Varanlegir rekstrarfjármunir:					
Fasteignir og lóðir .....	5	5.158.478	4.714.023	6.198.759	5.737.377
Gatnamannvirki og veitukerfi .....		406.299	454.676	599.959	633.909
Áhöld, tæki og aðrar eignir .....		296.052	323.787	344.140	369.206
	8	5.860.830	5.492.486	7.142.859	6.740.492
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum ....	9	1.006.221	1.003.211	888.384	888.634
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	10	138.693	144.748	138.693	144.748
Langtímakröfur .....	11	0	0	892.728	865.245
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	11	35.953	36.597	0	0
		1.180.867	1.184.557	1.919.805	1.898.627
Fastafjármunir		7.041.697	6.677.043	9.062.664	8.639.118
<b>Veltufjármunir</b>					
Skammtímakröfur:					
Óinnheimtar tekjur .....	12	489.532	342.814	529.821	392.824
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki .....		288.342	238.338	0	0
Næsta árs afborganir eigin fyrirtæki .....	11	2.417	2.228	0	0
Næsta árs afborgarnir langtímakrafna .....	11	0	33.130	14.426	46.301
Aðrar skammtímakröfur .....		21.612	95.326	31.137	123.664
Næsta árs gjaldf. fyrirframgr. kostnaðar ....	10	6.055	6.055	6.055	6.055
Skammtímaverðbréf .....	3j	16.430	15.894	16.430	15.894
Handbært fé .....	3k	289.286	74.563	447.961	206.453
Veltufjármunir		1.113.673	808.349	1.045.829	791.191
<b>Eignir samtals</b>		8.155.370	7.485.392	10.108.493	9.430.309

# 31. desember 2021

---

## Eigið fé og skuldir

	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		2021	2020	2021	2020
<b>Eigið fé</b>					
Eiginfjárreikningur .....	13	4.525.159	4.431.786	4.523.129	4.433.766
Hlutdeild minnihluta í eigin fé .....	13	0	0	48.027	44.397
		<u>4.525.159</u>	<u>4.431.786</u>	<u>4.571.156</u>	<u>4.478.163</u>
<b>Skuldbindingar</b>					
Lífeyrisskuldbinding .....	14	<u>1.224.929</u>	<u>993.053</u>	<u>1.224.929</u>	<u>993.053</u>
<b>Langtímaskuldir</b>					
Skuldir við lánastofnanir .....	15	<u>1.509.975</u>	<u>1.204.762</u>	<u>3.365.598</u>	<u>3.061.430</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>					
Skuldir við lánastofnanir .....		0	31.686	0	31.686
Skuldir við eigin fyrirtæki .....		85.093	49.680	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	15	265.874	240.980	325.552	298.820
Skammtímahluti lífeyrisskuldbindingar .....	14	37.938	31.814	37.938	31.814
Aðrar skammtímaskuldir .....		506.402	501.630	583.320	535.343
		<u>895.307</u>	<u>855.791</u>	<u>946.811</u>	<u>897.663</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals .....		<u>3.630.211</u>	<u>3.053.606</u>	<u>5.537.337</u>	<u>4.952.146</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>8.155.370</u>	<u>7.485.392</u>	<u>10.108.493</u>	<u>9.430.309</u>

Ábyrgðir og skuldbindingar  
utan efnahagsreiknings ..... 17

Sjóðstreymsyfirlit ársins 2021

# Skýringar

---

## 1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Borgarbyggð er sveitarfélag á Vesturlandi og voru íbúar 3.875 þann 1. desember 2021. Skrifstofa sveitarfélagsins er að Digranesgötu 2 í Borgarnesi.

Mælt er fyrir um grundvallarpætti stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuársreikningur Borgarbyggðar fyrir árið 2021 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrarreiningar sem falla undir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til samræmis við reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015 er settur fram rekstrarreikningur, efnahagsreikningur, sjóðstreymisyfirlit og viðeigandi skýringar fyrir A hluta sveitarfélagsins.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð og Menningarsjóð Borgarbyggðar. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Sorphirða, Félagslegar íbúðir, Fasteignin Brákarhlíð, Hjálpmaklettur, Menntaskóli Borgarfjarðar ehf., Nemendagarðar MB ehf., Reiðhöllin Vindási ehf., Fjallskilasjóðir, Vatnsveita og Ljósleiðari Borgarbyggðar.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrarreininga og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningnum. Af viðskiptum milli rekstrarreininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaðferðir

Reikningsskilaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningum, nema annað sé tekið fram.

### a. Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyra útsvar, fasteignaskattur og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Tekjur vegna gatnagerðar eru færðar til lækkunar á framkvæmdakostnaði vegna nýbyggingar gatnamannvirkja sbr. d lið.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknaður sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

### b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísítölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### d. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við öflun rekstrarfjármuna. Frá kostnaðarverði dragast frá álögð gatnagerðargjöld og önnur framlög vegna stofnkostnaðar.

# Skýringar, frh.:

---

## 3. Mikilvægar reikningsskilaðferðir, frh.

### d. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirriggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Endurmat lóða og lendna er færð á eiginfjárrrekning.

### e. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir.....	25-40 ár
Gatnamannvirki og veitukerfi.....	25 ár
Vélar áhöld og tæki.....	3-20 ár

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

### f. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði, að frádreginni niðurfærslu vegna virðisýrnunar. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokk.

### g. Langtímakröfur

#### Almennar langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikning meðal veltufjármuna.

#### Langtímakrafa á ríkissjóð vegna leigusamninga um hjúkrunarheimili

Langtímakrafa á ríkissjóð vegna leigusamninga um hjúkrunarheimili er færð til eignar á bókfærðu virði sem nemur lágmarksleigugreiðslum leigusamningsins núvirtum með 4,5% vöxtum.

### h. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjörs A-deilda á árinu 2018 er færð til eignar og er framlag í lífeyrisaukasjóð gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

### i. Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur eru færð niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

### j. Skammtímaverðbréf

Sveitarfélagið hefur fjárfest í verðbréfum til skammtímaávöxtunar og eru þau færð sem sérstakur liður, skammtímaverðbréf, meðal veltufjármuna.

### k. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

### l. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingarfæðilegrar úttektar í árslok 2021. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 14. Áætlaðar næsta árs greiðslur sveitarfélagsins vegna lífeyrisskuldbindingar eru færðar meðal skammtímaskulda.

### m. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

### n. Ábyrgðir og aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Upplýsingar um ábyrgðir og aðrar skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings eru birtar í skýringu 17.

# Skýringar, frh.:

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

### o. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2021 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem sveitarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringu 21.

## 4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti			
	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2020	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2020
<b>Útsvar og fasteignaskattur:</b>						
Útsvar .....	2.228.530	2.167.500	2.026.519	2.228.530	2.167.500	2.026.519
Fasteignaskattur .....	473.910	486.923	465.264	452.672	469.864	440.691
Lóðarleiga .....	92.712	93.464	89.262	92.712	93.464	89.262
	<u>2.795.151</u>	<u>2.747.887</u>	<u>2.581.046</u>	<u>2.773.913</u>	<u>2.730.828</u>	<u>2.556.473</u>
<b>Framlög Jöfnunarsjóðs:</b>						
Framlög vegna grunnskóla .....	280.473	274.650	292.642	280.473	274.650	292.642
Framlög v. málefna fatlaðra.....	100.657	126.189	105.311	100.657	126.189	105.311
Framlög v. sérþarfa fatlaðra.....	23.700	16.737	16.100	23.700	16.737	16.100
Útgjaldajöfnunarframlag.....	543.505	450.692	478.424	543.505	450.692	478.424
Framlög v. fasteignaskatts.....	184.973	176.082	187.225	184.973	176.082	187.225
Önnur framlög .....	8.887	10.210	31.156	8.887	10.210	31.156
	<u>1.142.194</u>	<u>1.054.560</u>	<u>1.110.858</u>	<u>1.142.194</u>	<u>1.054.560</u>	<u>1.110.858</u>
Skatttekjur samtals.....	<u>3.937.345</u>	<u>3.802.447</u>	<u>3.691.903</u>	<u>3.916.107</u>	<u>3.785.388</u>	<u>3.667.331</u>
<b>Aðrar tekjur:</b>						
Aðrar tekjur .....	452.912	539.170	391.305	991.935	1.052.272	892.218
	<u>452.912</u>	<u>539.170</u>	<u>391.305</u>	<u>991.935</u>	<u>1.052.272</u>	<u>892.218</u>
Rekstrartekjur samtals .....	<u>4.390.257</u>	<u>4.341.617</u>	<u>4.083.209</u>	<u>4.908.042</u>	<u>4.837.660</u>	<u>4.559.549</u>

## 5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2021	2020
Laun .....	2.119.373	2.133.238
Launatengd gjöld .....	490.095	496.900
Áfallinn launakostnaður, br.....	12.704	4.681
Framlög vegna uppgjörs		
A deildar Brúar lífeyrissjóðs..	6.055	12.000
Annar starfsmannakostn.....	379	321
	<u>2.628.604</u>	<u>2.647.141</u>
2.411.151	2.830.768	2.839.043

Fjöldi starfsmanna í árslok.....	370	350
Fjöldi stöðugilda í árslok.....	288	282
Ársverk.....	294	286
Laun og launatengd gjöld sveitarstjóra og sveitarstjórnar.....	43.719	46.632

# Skýringar, frh.:

## 6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

Vaxtatekjur og verðbætur .....	7.010	18.692	13.170	88.567	58.450	82.111
Vaxtagjöld og verðbætur .....	( 125.923 )	( 105.171 )	( 96.092 )	( 247.306 )	( 198.846 )	( 203.308 )
Gengismunur .....	0	0	0	( 287 )	0	680
Arður af eignarhlutum.....	45.172	34.754	46.953	45.172	34.754	46.953
Vextir frá eigin fyrirtækjum .....	11.706	10.641	8.748	0	0	0
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	( 62.035 )	( 41.084 )	( 27.221 )	( 113.854 )	( 105.642 )	( 73.565 )

## 7. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig. Í yfirlitinu eru birtar upplýsingar um rekstrartekjur að frádregnum rekstrargjöldum viðkomandi rekstrareininga.

	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2020
<b>Aðalsjóður:</b>			
Skatttekjur .....	4.003.024	3.860.979	3.755.213
Félagsþjónusta .....	( 419.522 )	( 422.955 )	( 375.372 )
Heilbrigðismál .....	( 5.003 )	( 6.200 )	( 8.568 )
Fræðslu- og uppeldismál .....	( 2.291.034 )	( 2.351.838 )	( 2.078.950 )
Menningarmál .....	( 151.718 )	( 154.665 )	( 143.730 )
Æskulýðs- og íþróttamál .....	( 375.432 )	( 361.062 )	( 364.894 )
Brunamál og almannavarnir .....	( 82.377 )	( 86.792 )	( 71.653 )
Hreinlætismál .....	536	( 235 )	( 17.043 )
Skipulags- og byggingarmál .....	( 133.316 )	( 157.333 )	( 146.708 )
Umferðar- og samgöngumál .....	( 95.777 )	( 112.378 )	( 133.245 )
Umhverfismál .....	( 50.934 )	( 52.308 )	( 63.420 )
Atvinnumál .....	( 13.503 )	( 16.486 )	( 14.492 )
Framlög til B hluta starfsemi .....	556	195	529
Sameiginlegur kostnaður .....	( 374.355 )	( 338.948 )	( 320.536 )
Breyting lífeyrisskuldbindingar og framlag vegna A deildar Brúar .....	( 280.378 )	( 92.400 )	( 93.152 )
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	154.952	147.131	96.436
Aðalsjóður samtals .....	( 114.282 )	( 145.294 )	20.415
<b>A hluta stofnanir:</b>			
Eignasjóður .....	27.820	150.267	69.468
Menningarsjóður Borgarbyggðar .....	669	( 10 )	308
A hluti samtals .....	( 85.793 )	4.963	90.192
<b>B hluta fyrirtæki:</b>			
Vatnsveita .....	340	1.591	967
Sorpirða .....	( 15.226 )	( 5.565 )	( 25.277 )
Félagslegar íbúdir .....	( 13.963 )	( 13.665 )	( 7.016 )
Fasteignin Brákarhlíð .....	( 5.124 )	( 5.132 )	( 3.897 )
Hjálmaklettur .....	42.655	13.837	37.856
Menntaskóli Borgarfjarðar ehf. ....	( 3.206 )	( 541 )	13.591
Nemendagarðar MB .....	( 113 )	( 282 )	668
Reiðhöllin Vindási ehf. ....	( 5.672 )	( 4.100 )	( 24.854 )
Fjallskilasjóðir .....	( 1.774 )	( 2.910 )	( 1.654 )
Ljósleidðari .....	( 9.899 )	( 10.288 )	( 2.423 )
Bakfærð niðurfærsla eignarhluta í dótturfelagi .....	5.240	0	25.428
Bakfærð hlutdeild í afkomu dótturfélaga .....	62	0	( 364 )
Hlutdeild minnihluta í afkomu .....	2.670	0	9.348
A og B hluti .....	( 89.804 )	( 22.092 )	112.564

# Skýringar, frh.:

## 8. Varanlegir rekstrarfjármunir

### a. Bókfært verð

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

A hluti	Fasteignir og lóðir	Gatnamannv. og veitukerfi	Vélar áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2021.....	6.771.385	649.565	660.827	8.081.777
Afskrifað áður .....	( 2.057.363 )	( 194.889 )	( 337.039 )	( 2.589.291 )
Bókfært verð 1.1.2021.....	4.714.023	454.676	323.787	5.492.486
Endurmat lóða og lendna * .....	179.166	0	0	179.166
Viðbót á árinu .....	453.143	4.830	4.336	462.309
Gatnagerðargjöld.....	0	( 28.061 )	0	( 28.061 )
Selt á árinu.....	( 101.298 )	0	0	( 101.298 )
Afskrifað á árinu .....	( 86.556 )	( 25.145 )	( 32.071 )	( 143.772 )
Bókfært verð 31.12.2021.....	5.158.478	406.299	296.052	5.860.830
Samtals heildarverð 31.12.2021.....	7.302.396	626.333	665.163	8.593.892
Afskrifað samtals .....	( 2.143.919 )	( 220.034 )	( 369.109 )	( 2.733.062 )
Bókfært verð 31.12.2021.....	5.158.478	406.299	296.052	5.860.830
Afskriftarhlutföll .....	0-4%	4%	4-15%	
A og B hluti	Fasteignir og lóðir	Gatnamannv. og veitukerfi	Vélar áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2021.....	8.177.444	835.141	773.572	9.786.158
Afskrifað áður .....	( 2.440.066 )	( 201.232 )	( 404.366 )	( 3.045.663 )
Bókfært verð 1.1.2021.....	5.737.377	633.909	369.206	6.740.492
Endurmat lóða og lendna.....	179.166	0	0	179.166
Viðbót á árinu .....	503.313	28.984	12.652	544.949
Gatnagerðargjöld.....	0	( 28.061 )	0	( 28.061 )
Selt á árinu.....	( 101.298 )	0	0	( 101.298 )
Afskrift á árinu .....	( 119.800 )	( 34.871 )	( 37.717 )	( 192.388 )
Bókfært verð 31.12.2021.....	6.198.759	599.959	344.140	7.142.858
Samtals heildarverð 31.12.2021.....	8.758.626	836.063	786.223	10.380.912
Afskrifað samtals .....	( 2.559.866 )	( 236.104 )	( 442.083 )	( 3.238.053 )
Bókfært verð 31.12.2021.....	6.198.759	599.959	344.140	7.142.859
Afskriftarhlutföll .....	0-4%	4%	4-30%	

\* Lóðir og lendur sveitarfélagsins sem það hefur leigutekjur af voru endurmetnar í árslok 2021 til samræmis við álit reikningsskilaneftndar sveitarfélaga nr. 2/2010 þar sem breyting gangvirðis var yfir 5%.

## Skýringar, frh.:

### 8. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.:

#### b. Fjárfesting

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu 2021 greinist þannig:

	Fjárfesting 2021	Áætlun 2021 m. viðaukum
<b>A hluti:</b>		
<b>Fasteignir</b>		
Skólahúsnæði.....	45.373	139.000
Íþróttamannvirki.....	180	10.000
Leikskólar.....	66.247	40.000
Ráðhús.....	247.589	247.000
Aðrar fasteignir.....	93.754	93.000
	<u>453.143</u>	<u>529.000</u>
<b>Gatna- og veitumannvirki</b>		
Framkvæmdakostnaður.....	0	4.000
Gangstéttir og stígar.....	4.830	14.500
Gatnagerðargjöld.....	( 28.061 )	( 5.000 )
	<u>( 23.232 )</u>	<u>13.500</u>
<b>Vélar, áhöld og tæki</b>		
Sparkvöllur, Borgarnesi.....	1.997	0
Áhaldahús, bifreiðakaup.....	2.339	900
	<u>4.336</u>	<u>900</u>
A hluti samtals.....	<u>434.247</u>	<u>543.400</u>
<b>B hluti:</b>		
<b>Félagslegt húsnæði</b>		
Félagslegt húsnæði.....	36.400	36.400
<b>Reiðhöllin Vindás</b>		
Endurgreidd virðisaukaskattskvöð.....	13.770	0
<b>Menntaskóli Borgarfjarðar ehf.</b>		
Fjárfesting í tækjum og búnaði.....	8.316	0
<b>Ljósleiðari</b>		
Framkvæmdakostnaður.....	298.063	68.300
Styrkur Fjarskiptasjóðs.....	( 236.999 )	0
Tengigjöld.....	( 36.910 )	0
Ljósleiðari samtals	<u>24.154</u>	<u>68.300</u>
A og B hluti.....	<u>516.887</u>	<u>648.100</u>

# Skýringar, frh.:

## 8. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.:

### c. Fasteignamat og vátryggingaverð

Brunabótamat og fasteignamat varanlegra rekstrarfjármuna skiptist þannig í árslok 2021:

	A hluti	A og B hluti
Brunabótamat fasteigna.....	9.969	13.951
Fasteignamat.....	3.177	4.877
Vátryggingaverðmæti lausafjármuna.....	1.132	1.181

## 9. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur		Bókfært verð	
	A hluti	A og B hluti	A hluti	A og B hluti
Orkuveita Reykjavíkur.....	0,93%	0,93%	379.246	379.246
Faxaflóahafnir sf.....	4,14%	4,14%	343.570	343.571
Menntaskóli Borgarfjarðar ehf.....	92,0%		58.200	0
Nemendagarðar MB ehf.....	95,6%		10.000	0
Reiðhöllin Vindási ehf.....	57,95%		85.162	0
Lánaþjóður sveitarfélaga ohf.....	1,78%	1,78%	157.777	157.777
Sorpurðun Vesturlands hf.....	23,50%	23,50%	5.225	5.225
Þróunarfélag Grundartanga ehf.....	16,67%	16,67%	750	750
Bifur ehf.....			570	570
Landskerfi bókasafna ehf.....			837	837
Önnur félög.....			88	1.046
			1.041.426	889.022
Niðurfærsla eignarhluta .....			( 35.206 )	( 638 )
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum samtals .....			1.006.221	888.384

## 10. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

